



## ISLANDSLÝSING DANS TURELLS FRÁ 1977

Dan Turell er fæddur í Kaupmannahöfn 1946. Hann gefur sjálfur þá skýringu á Turell-nafninu að einhver nánar óskilgreindur forfaðir hans hafi flúið til Danmerkur frá Frakklandi undan trúarofsóknum þeim er geisluð þar eftir miðja 16. öld. Dan Turell er hins vegar hreindræktaður „Köbenhavner“ ef hægt er að nota það hugtak. Sjónarsviðið í frásögunum hans, ljóðum og skáldsögum er oftast skuggahlíðar stórborgarinnar. Hann setur lesandann í umhverfi sem flestum er framaðni en gerir honum kleift að ná betur anda þess umhverfis sem um er fjallað, hvort sem um er að ræða knæpu, hóruhús eða einhverja elturlyfjabúllu. Ekki er umhverfið þó alltaf Kaupmannahöfn, en alltaf stórborgin, sem hann elskar, hvort sem hann lýsir London, New York, San Fransisko, París eða Berlin, eins og hann segir sjálfur: „Eg elska líminn af malbikinu í steypurumsköginum.“ Mér brá því skemmtilega í brún þegar ég rakst á frásögn þá sem á eftir fylgir um upplifanir hans í Reykjavík. Gamalt málteki segir: „glögg er gests augað“ og mikið er til í því og óeitanlega er alltaf gaman að lesa skrif erlends fólks um fæðingar- og uppeldisstöðvar sínar. Eg vona að landinn hafi eins gaman af frásögunni og ég og hver veit; ef til vill má læra eitthvað af henni.

Um Dan Turell má annars segja að hann hefur gefið út yfir 30 ljóðasöfn ásamt ótal blaðgreinum og frásögnum af svipuðu tagi og sú sem hér birtist. Undanfarnir ár hefur hann þar að auki gefið út 5 glæpasögur sem allar hafa hlotið góðar móttökur.

Aður en „Onkel Danny“ gerði bókaútgáfu að sínu lífbrauði hafði hann tekið sér ýmslegt fyrir hendur, m.a. vann hann fyrir sér sem mjólkurpóstur, flutningamaður, póstur, blaðamaður, „pusher“, verkamaður og plötusúður.

Frásögn sú sem hér birtist er tekin úr bókinni „Onkel Danny fortæller i timevis“ (Köbenhavn 1979) og byggir á minningum frá því að hann var á Íslandi og hélt fyrirlestra á vegum Norræna hússins árið 1977.

skynsamra Íslendinga. Menn vilja hafa sitt eigið og gefa fjandann sjálfan í það að á heimsmeilivarða eru um það bil tveir um þetta okkar eigið. Ísland fyrir íslenska Íslendinga, Ísland sem eitt stórt útsafn.

Ög þar sem, grófliga sagt og mælt með alþjóðlegum mælieiningum, megi segja að ekki skapist stórir viðburðir á Íslandi, allavega ekki séð frá útlöndinu, þá verður hið valda form af þjóðernistilfinningu, þegar maður finnur ekki amerískan hermenn til að stríða, hinn íslenski þjóðarsjúkdómur, fortíðardýrkunin. Allir Íslendingar lifa ennþá innst inni í heimi Íslendingasagnanna og þeir tala helst ekki um aðrar bókmenntir; þeir búa allir einmitt í því héraði þar sem eitthvert afgerandi atvikið sagnanna átti sér stað, og þeir eru allir skyldir einhverjum af aðalpersónum sagnanna.

Ekki það að ég hafi nokkuð á móti „Sagnasípu“, guð hjálpi mér, nei; þessar fornu ræningjasögur eru þrjúögla skrifaðar — dælitíð á la Raymond Chandler (bandarískur glæpa-

Íslendinga er einnig andleg frelsisbarátta og maður verður að ganga að honum, það eru engir valkostir — einnig vegna þess að sannfæring þeirra er svo barnlega einlæg og ósvikin. Gamall vinur minn og fyrrverandi samstarfsmaður við prófarkalestar, Peter Söby, nú dósent í dönsku við Háskólann í Reykjavík, sagði mér lærðómsríka sögu í þessu sambandi. Einn sinni var hann líka eins og ég, um það bil að fara yfir um af himni elífú „Sagnasípu“ og hafði sagt skilmerkilega, siðprúður og dannaður eins og hans er von og visa, við íslenska kennslukonu að hann væri ekki svo viss um að fornsögurnar væru alltaf sögulega réttar. Hún varaði hann við á staðnum. Helmingur allra Íslendinga er andatrúarmenn, sjáði til — þeir trúa því að þeir geti talað við hina dauðu og hinir dauðu séu ennþá til staðar, og að vissu leyti hafa þeir á réttu að standa því að á vissan hátt eru hinir dauðu á Íslandi meira lifandi í höfðum lifandi Íslendinga en hinir dauðu á nokkrum öðrum stað. 50% andatrúar, hugsið um það! Til

Það eru engir hundar í Reykjavík, ekki einni einasti — vissu þið það?

Það er ekki svona nokkuð sem maður beint hugsar um, en skyndilega einhverjum daginn, þegar maður er búinn að vera á staðnum í vikutíma, uppgötvar maður að þannig er það — af því það er einhver sem segir manni það.

Það var dýralæknir í bænum sem sagði mér þetta í einum af opinberum útbæðstöðum Reykjavíkur þar sem við sátum í hálsdjúpu sjóðandi vatni og svitinn draup af okkur eins og í saunabaði, samtímis að snjónum kyngdi niður yfir andlit þið á okkur — í febrúarmánuði. „Hundum líður ekki vel í borgum,“ útskýrði dýralæknirinn, og þar með þurfti ekki að munnhögðvast meira um það bann. Kettir eru hins vegar löglegir í Reykjavík.

Ög þannig er svo margt undarlegt í höfuðborg Íslands en undarlegastir alls eru þó íbúarnir; fyrst og fremst vegna þess að það sem er sérstakast við Íslendingana er að þeir eru svo djöfullega íslenskir.

Misskilið mig ekki: Eg hef hitt Ameríkana sem voru hrikalega amerískir og sama um Japana. En Ísland er fyrir Íslendinginn, fyrir alla Íslendinga, unga eða gamla, karla eða konur, dag hvern, hverja klukkustund, hverja sekúndu, það sem Danmörk er fyrir Dani, þegar landið er hersetið Þjóðverjum — eða fyrir Ebbe Kløvedal Reich (E.K.R. danskur rithöfundur sem aðallega skrifar sögulegar skáldsögur). Ísland er paradís, Mekka, fyrirheitna landið, nafli heimsins.

Dönsk menningarheimsvaldastefna hefur í svo margar aldir drotnað yfir Íslandi (munnið eftir handritamálinu) og þessi staðreynd hefur skapað öllum Íslendingum eins konar þjóðernisnafastreng, þó ekki væri annað en hugsunin um EBE (Efnahagsbandalagið) kæmi af stað almennum, þjóðlegum hláturrokum sem fengu fjöllin til að nötra og hverja einustu síld til að hrygna. Þrýstingurinn frá Danmörku hélt lengi og af þunga og honum hefur fyrst línt undanfarnir 20 ár, nú þegar ameríska menningarheimsvaldastefnan er orðin svo miklu stærri og völdugri ögnun — með þeim grátblöðslega árangri að í dag er hin danska „mini menningarheimsvaldastefna aftur orðin tiltölulega vinsæl. Af tvennu illu...



Meðferð Íslendinga á hermönnum á Keflavíkurflugvelli er eins og á sigaunum í Finnlandi, svörtum í Suður-Afríku og barnafræsturum í Ballerup (ein af útbörgum Kaupmannahafnar), að áliti Dans Turells.

### Kanar

Þvert á móti má segja að Kanarnir á Íslandi, þessir vesalings saklausu útsendu synir Sams frænda, sem inna af hendi herskyldu í herstöðinni í Keflavík, eru meðhöndlaðir eins og sigauarnir í Finnlandi, svartir í Suður-Afríku eða barnafræstari frá Ballerup (Ballerup er ein af útbörgum Kaupmannahafnar, aðallega byggð fremur vel stæðu fólki). Þeir hafa aðeins leyfi til að fara út fyrir herstöðina einn dag í viku — og það hittist þannig á að það er sá dagur vikunnar sem allir skemmti- og matsölustaðir í Reykjavík eru lokaðir. Skemmtið ykkur vel. „Yankeer!“ Hræðslan við þessa Kana og allan þeirra hræðilega, smitandi ameríkanska liggur djúpt í hverjum Íslendingi, þannig hræðsla við tyggigúmmi, „rock'n roll“ og Country og Western er enn þann dag í dag algerlega grundvallandi, jafnvel meðal framsekkinna og

söguhöfundur) — ein einlæg sagt: Getið þið ímyndað ykkur aðra hverja manneskju í Englandi róttandi um og vitnandi í Shakespeare öllum stundum eða annan hvern Dana trimmandi eftir Köbenaergade árið 1977 með Danmerkurkröniku Saxo heitins á vörnum frá morgni til kvelds? Eg á erftit með að sjá það fyrir mér. Fyrst fannst mér það aðlaðandi, auðvitað; eftir tvo daga einhætt og að lokum óendanlega þreytandi. Njáll og Gunnar á Hlíðarenda hafa eflaust verið finir náungar en jafnvel fyrir Íslending hlýtur annað að vera til í heiminum en að ljíka þeim við eða stílla þeim upp á móti Batman og Robin (persónur úr bandarískum teiknimyndasögum) eins og lífi á móti dauða eða hinnum andspænis helviti.

### Andatrúarmenn

Ög þó, hinn stöðugi þjóðernisrembingur.

samanburðar má nefna að t.d. hafa aðeins 10% þjóðarinnar, samkvæmt sömu skoðanakönnun, lesið Biblíuna... Jæja, en þessi kennslukona sagði síðan við Söby: „Gættu þín á hvað þú segir um Íslendingasögurnar! Andi föður mins er hér í stofnunni og hann setti sig aldrei við að maður talaði niðrandi um Íslendingasögurnar!“ — Ög svo töluðu þau um eitthvað annað.

Tveimur mánuðum seinna hitti Söby hana aftur og hún spurði hann hvort hann myndi eftir þessum orðaskiptum. „Það var tórnur þvættlingur,“ viðurkendi hún fyrir honum. „Skilurðu, þabbi var alls ekki í stofnunni þetta kvöld!“

Annað sérlega undarlegt við að dvelja í Reykjavík er sama tilfinning (sem maður) sem Kaupmannahafnarbrú kemst ekki hjá að finna líka fyrir t.d. í Osló: Sú tilfinning að maður sé kominn aftur í tímann aðeins ennþá lengra aftur í Reykjavík en í Osló. Þegar ég hafði verið þar nokkra daga var ómögulegt